

**Minnisblað****Efni: Fjárhagsstaða Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa og Fæðingarorlofssjóðs.****Til: Efnahgs- og viðskiptanefndar****Frá: velferðarráðuneyti**

Við er til tölvupósts dags. 10. þ.m. frá ritara efnahgs- og viðskiptanefndar þar sem óskað er upplýsinga um fjárhagsstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa og Fæðingarorlofssjóðs.

Miðað við forsendur fjárlaga 2013 um markaðar tekjur sjóðanna, áætluð útgjöld þeirra og að teknu tilliti til bundins eigin fjár í árslok 2012 verður eigið fé þeirra í árslok 2013 sem hér er sýnt:

**Atvinnuleysistryggingasjóður**

m.kr.	
7.280	Bundið eigið fé í árslok, skv. ríkisreikningi 2012
18.744	Áætlaðar tekjur af atvinnutryggingagjaldi, skv. fjárlögum 2013
-17.334	Áætluð útgjöld skv. fjárlögum 2013
8.690	Áætlað bundið eigið fé í ársloka 2013

Velferðarráðuneytið gerir ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verði í samræmi við forsendur fjárlaga, eða um 17,3 ma. kr.

**Ábyrgðarsjóður launa**

m.kr.	
301	Bundið eigið fé í árslok skv. ríkisreikningi 2012
2.787	Áætlaðar tekjur af ábyrgðargjaldi, skv. fjárlögum 2013
-903	Áætluð útgjöld skv. fjárlögum 2013
2.185	Áætlað bundið eigið fé í ársloka 2013

**Fæðingarorlofssjóður**

m.kr.	
2.316	Bundið eigið fé í árslok, skv. ríkisreikningi 2012
12.192	Áætlaðar tekjur af tryggingagjaldi, skv. fjárlögum 2013
-7.938	Áætluð útgjöld skv. fjárlögum 2013
6.570	Áætlað bundið eigið fé í ársloka 2013

Ráðuneytið vinnur nú að endurmati á útgjöldum Ábyrgðarsjóðs launa og Fæðingarorlofssjóðs. Líkur eru á að útgjöld beggja sjóðanna verði 100-150 m.kr. innan áætlaðra útgjalda í fjárlögum 2013 og má því gera ráð fyrir að áætlað eigið fé þeirra verði í árslok 2013 hærra sem því nemur.